

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Hlutfall kennara með leyfisbréf í borgarreknum grunnskólum, fjöldi nema með kennsluréttindi og fjöldi leiðbeinenda og menntunarstig þeirra

Haustið 2021 veitti Menntamálastofnun skólastjórum í borgarreknum grunnskólum heimild til að ráða 22 einstaklinga sem ekki hafa leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Frá og með þar síðasta skólaári hefur stór hluti af námi meistaránema til B.ed. prófs verið unnin á vettvangi við kennslu. Ekki hefur þurft að sækja um undanþágu til menntamálastofnunar vegna þeirra heldur aðeins tilkynna um ráðningu þeirra að undangenginni auglýsingu. Alls voru nemendur með kennsluréttindi 63 talsins haustið 2021. Samtals eru því 85 manns annað hvort með undanþágu eða kennsluréttindi sem nemar. Haustið 2020 voru samtals 100 manns með undanþágu eða kennsluréttindi sem nemar. Haustið 2019 voru 127 undanþágur veittar og 2018 voru þær 103. Hlutfall kennara með leyfisbréf í grunnskólum borgarinnar er 94,1% nú miðað við 93,3% haustið 2020, 91,7% haustið 2019 og 92,8% haustið 2018. Ef deildarstjórar eru taldir með þá er hlutfallið 94,5%. Hlutfall kennara sem eru með leyfisbréf er lægst 74,1% og hæst 100%, en í 23 skólum voru allir kennarar með leyfisbréf og þar af voru 5 skólar þar sem allir voru þar að auki búnir að ljúka sínu kennaranámi.

Þegar skoðað er menntunarstig þeirra sem ekki hafa lokið grunnskólakennaraprófi þá eru 74% á lokaári, 15% eru í tveimur hæstu menntunarflokkunum, en aðeins 3,5% í neðstu fimm menntunarflokkunum. Heildarniðurstöður fyrir borgarrekna grunnskóla í Reykjavík er að finna í töflu 1. Skilgreining á menntunarflokkunum er að finna í töflu 2.

	2018	2019	2020	2021
Heildarfjöldi leiðbeinenda	103	127	33	22
Heildarfjöldi kennsluréttindanemar á lokaári			67	64
Heildarfjöldi kennarar	1337	1402	1399	1376
Samtals	1440	1529	1499	1462
Hlutfall kennara með leyfisbréf	92,8%	91,7%	93,3%	94,1%
Heildarfjöldi deildarstjóra	59	67	67	73
Samtals fj. kennara, deildarstj. og leiðb.	1499	1596	1566	1535
Hlutfall með leyfisbréf af öllum (kenn. og deildstj.)	93,1%	92,0%	93,6%	94,4%
Menntunarstig leiðbeinenda				
Fjöldi með menntunarstig 0-5	1	3	3	3
Fjöldi með menntunarstig 6-8	7	9	6	6
Fjöldi með menntunarstig 9-10	95	115	24	13
Fjöldil kennsluréttindanema á lokaári			67	64

Tafla 1. Hlutfall kennarar með leyfisbréf og menntunarstig leiðbeinenda

Menntun þeirra sem skólastjórar sækja um undanþágu fyrir er greind í 10 menntunarflokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám.
6. Meistaránám í iðngrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Nám til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar og fl.
10. BA., BS., B.Ed. í grunnskólakennarafræðum, Ph.cand., MA., Cand.mag., Cand.phil., Cand.psyk., Mag. theol. og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennarar, þroskaþjálfarar og iðjuþjálfarar.

Tafla 2. Menntunarflokkar leiðbeinenda